

Hélla þröng lopapeysa með rennilás

STÆRÐIR	34	(36)	38	(40)	42
Yfirvídd:	84	(89)	94	(98)	103 cm
Lengd á bol					
að ermi:	30	(31)	33	(35)	36 cm
Ermalengd					
að handvegi:	45	(47)	49	(51)	53 cm

EFNI

Álafoss Lopi - 100 g dokkur

Blá peysa 3-lit

A **9959** indógóblár

B **0051** hvítur

C **9958** ljós indógóblár

Grá peysa 2-lit

0054 fölgrár

0005 hærusvartur

4 (4) 5 (5) 6

1 (1) 1 (1) 1

1 (1) 1 (1) 1

Hringprjónar nr 6, 40 og 60-80 cm langir

Hringprjónn nr 4½, 40 cm langur

Sokkprjónar nr 6

Rennilás 50-55 cm

PRJÓNFESTA

10 x 10 cm = 13 L og 18 umf slétt prjón á prjóna nr 6.

Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

AÐFERÐ

Bolur og ermar eru prjónuð í hring. Við handveg eru lykkjur af ermum og bol sameinaðar á einn prjón og axlarstykki prjónað í hring. Saumað er með saumavél á miðju framstykki áður en klippt er upp fyrir rennilás sem er saumaður niður í höndum.

BOLUR

Fitjið upp 109 (115) 121 (127) 133 L með lit A á prjóna nr 6. Prjónið 4 umf perluprjón fram og til baka. Tengid í hring og fitjið upp 2 L sem eru prjónaðar brugðnar upp allan bolinn (fyrsta og síðasta L í munstri) => 111 (117) 123 (129) 135 L. Prjónið slétt prjón þar til bolur mælist 30 (31) 33 (35) 36 cm frá uppfítjun. Geymið bol og prjónið ermar.

ERMAR

Fitjið upp 28 (28) 28 (30) 30 L með lit A á prjóna nr 6. Tengid í hring og prjónið 4 umf perluprjón síðan slétt prjón. Aukið út um 2 L 6 (6) 7 (7) 7 sinnum (1 L eftir fyrstu lykkju og 1 L fyrir síðustu lykkju í umf) í 12. (12.) 11. (11.) 11. hverri umf upp ermi => 40 (40) 42 (44) 44 L. Prjónið án frekari útaukninga þar til ermi mælist 45 (47) 49 (51) 53 cm frá uppfítjun. Setjið 8 (8) 9 (10) 10 L undir miðermi á hjálparnælu/-band => 32 (32) 33 (34) 34 L. Prjónið seinni ermi á sama hátt.

AXLASTYKKI

Sameinið bol og ermar á lengri hringprjón nr 6 með lit A. Prjónið hægra framstykki (byrjið á br L) 24 (25) 26 (27) 29 L setjið næstu 8 (8) 9 (10) 10 L á hjálparnælu/-band. Prjónið fyrri ermi við 32 (32) 33 (34) 34 L. Prjónið bakið 47 (51) 53 (55) 57 L. Setjið næstu 8 (8) 9 (10) 10 L á bol á hjálparnælu/-band. Prjónið seinni ermi við 32 (32) 33 (34) 34 L. Prjónið vinstra framstykki 24 (25) 26 (27) 29 L (endið á br L). Nú eru á prjóninum => 159 165 (171) 177 (183) L. Prjónið **munstur** (*mismunandi munstur fyrir 3-lita eða 2-lita peysu*) og takið úr eins og sýnt er á teikningu (ekki taka úr í lykkjunum fjórum fyrir miðju). Skiptið yfir á styttri hringprjón þegar L fækkar. Þegar munstri er lokið eru eftir 55 (57) 59 (61) 63 L.

HÁLSLÍNING

Skiptið yfir í prjón nr 4½ og prjónið 1 umf slétt með lit A og takið úr jafnt yfir umf 0 (2) 2 (4) 4 L þar til => 55 (55) 57 (57) 59 L eru á prjóninum. Fellið af fyrri br L fyrir miðju, prjónið stroff; 1 L slétt, 1 L brugðin, fellið af seinni br L, prjónið fram og til baka 6 cm stroff. Fellið af.

FRÁGANGUR

Gangið frá endum og lykkið saman undir höndum.

Saumið í vél með beinu þétu spori tvisvar í hvora br L fyrir miðju að framan.

Skolið úr peysunni og leggið til þerris.

Klippið upp á milli saumanna. Saumið rennilás undir brúnir á framstykkið í höndum tvisvar sinnum, fyrst frá réttu þar sem brúnin er brotin, saumuð vel niður við rennilásinn. Síðan frá röngu þar sem efnisbrún rennilásins er saumuð lauslega niður. Brjótið kraga til helminga að röngu og saumið niður.

Hönnun: Védís Jónsdóttir fyrir ÍSTEX

Hélla ÞRÖNG LOPAPEYSA MEÐ RENNILÁS 3-lit

Lykill

- = A 9959
- = B 0051
- = C 9958
- = brugðin L
- = prj 2 L saman
- = engin L

